



BRUNAVARNAÁÆTLUN

Brunavarnir Árnæssýslu

FEB 2026 - FEB 2031



AÐALSTÖÐ

Selfoss

AÐRAR STÖÐVAR

Borg í Grímsnesi

Laugarvatn

Reykholt

Árnes

Þorlákshöfn

Hveragerði

Flúðir

Efnisyfirlit

1	SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	3
2	INNGANGUR	5
3	STARFSSVÆÐI	6
4	SKIPULAG OG STARFSEMI	16
5	HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR	27
6	ÁHÆTTUMAT OG MÓTVÆGI	32
7	FRAMKVÆMDAÁÆTLUN	36
8	FYLGISKJÖL	38

1 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

Brunavarnir Árnæssýslu er öflugt slökkvilið sem býr yfir miklum mannauð með víðtæka reynslu og þekkingu á öllum sviðum starfsins.

Starfssvæði Brunavarna Árnæssýslu er stórt eða rétt tæpir 9.000 ferkílómetrar. Íbúum sýslunnar fer hratt fjölgandi þar sem mikil uppbygging er og hefur verið á svæðinu öllu.

Árnæssýsla hefur um árabil verið eitt vinsælasta svæði landsins til bygginga frístundahúsa (sumarhúsa), en nú árið 2026 er um 42% allra frístundahúsa landsins staðsett í sýslunni eða tæplega 6.500 talsins. Gera má ráð fyrir að fjöldi manns dvelji í þeim á degi hverjum. Frístundahúsin í Árnæssýslu eru heilsárs hús sem í mörgum hverjum má búast við að dvalið sé allt árið um kring. Þegar eldur kemur upp í frístundahúsum í sýslunni gerir slökkviliðið alltaf ráð fyrir því að í þeim sé dvalið.

Talsverður fjöldi útkalla er á ári hverju tengdur frístundabyggðinni í Árnæssýslu. Má þar nefna eld í mannvirkjum, eld í gróðri, umferðaróhöpp og fleira. Sumarhúsabyggðin er að stóru leiti á svæðum þar sem mikið er af trjágróðri og þarf því búnaður slökkviliðsins að taka mið af því að geta ráðið við umtalsverða gróðurelda þar sem mikil verðmæti í formi fasteigna geta verið í húfi. Á þeim svæðum þar sem sumarhúsabyggðin er þétt og staðsett í þéttum gróðri þarf einnig að horfa til þess að koma fólki burt af hættu svæðum en það getur í sumum tilfellum verið flókið þar sem flóttaleiðir eru ekki alltaf greiðfærar eða hreinlega eru ekki til staðar. Umferð um vegi Árnæssýslu er mikil enda sækja margir sem þar búa vinnu til höfuðborgarsvæðisins og aka því fram og til baka daglega. Einnig fara flestir ferðamenn sem til landsins koma um sýsluna til þess að skoða það sem fyrir augu ber eða þá aka í gegnum sýsluna til þess að ferðast til annarra ferðamannastaða á landinu. Fjölmargir fara einnig um vegi sýslunnar á leið sinni í frístundahús.

Umferðaslys í Árnæssýslu eru nokkuð tíð. Talsvert er um að beita þurfi klippibúnaði við björgunarstörf í umferðaslysum. Slökkviliðsstjóri hefur því lagt ríka áherslu á að búnaður þessu tengdu sé til á öllum stöðvum liðsins, sé endurnýjaður eftir þörfum og sé vel við haldið. Brunavarnir Árnæssýslu heldur úti sérhæfðu verkstæði til viðhalds og viðgerða á þeim búnaði sem slökkviliðið á til þessara starfa. Auk þessa eru starfsmenn reglulega sendir erlendis til menntunar og endurmenntunar í meðförum búnaðarins og til viðhalds og viðgerða. Rík áhersla er lögð á þjálfun slökkviliðsmanna BÁ í notkun klippubúnaðar tengdum slysum hverskonar.

Framkvæmdaáætlun slökkviliðsins nær til ársins 2035. Í henni er áætlað fyrir öllum stærri fjárfestingum vegna tækja, búnaðar og húsnæðis. Annar búnaður til rekstursins svo sem hlífðarbúnaður, dælur, björgunarklippur og svo framvegis er endurnýjaður eftir þörfum og fer inn í fjárhagsáætlun hvers árs.

Gert er ráð fyrir að bygging nýrrar slökkvistöðvar á Flúðum ljúki (fokheld og starfshæf), á fyrri hluta ársins 2026 auk þess sem ný slökkvistöð á Borg í Grímsnesi verði tilbúin síðla árs 2026. Fjölgun íbúa, vegfarenda, frístundahúsa og fyrirtækja í sýslunni kallar á öflugt slökkvilið á þessu víðfeðma starfssvæði.

Nú árið 2026 starfa 16 manns í dagvinnu hjá Brunavörnum Árnassýslu. Af þeim eru fjórir í útkallsdeild. Aðrir starfsmenn í dagvinnu starfa á forvarnasviði, eignaumsjón, skrifstofu og stjórnun. Hlutastarfandi slökkviliðsmenn eru um 160 og dreifast þeir niður á sjö starfsstöðvar í upphafi árs 2026 en gert er ráð fyrir að síðla árs 2026 verði starfsstöðvarnar átta með tilkomu nýrrar slökkvistöðvar á Borg í Grímsnesi.

2 INNGANGUR

Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við lögbundin verkefni og þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu. Brunavarnaáætlun á að stuðla að því að vernda líf og heilsu fólks, eignir og umhverfi með fullnægjandi eldvarnareftirliti og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Þannig gefur brunavarnaáætlun íbúum og stjórn sveitarfélags gott yfirlit yfir starfsemi og ástand slökkviliðs og getur því orðið grunnur að gæðastjórnun og áætlun um endurbætur, t.d. hvað varðar búnað, menntun og samstarf við aðra aðila. Einn mikilvægasti þáttur brunavarnaáætlunar er að gera sér grein fyrir hvar úrbóta er þörf og gera grein fyrir því í framkvæmdaáætlun.

Brunavarnaáætlun er unnin af slökkviliðsstjóra og skal samþykkt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og viðkomandi sveitarstjórn.

3 STARFSSVÆÐI

Þessi kafli lýsir starfssvæði slökkviliðsins og hvaða sveitarfélög það þjónustar, skilgreiningu á útkallssvæðum ásamt upplýsingum um vatnsöflun vegna slökkvistarfs.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Stærð svæðis (km ²)	Slökkvistöð
Bláskógabyggð	1.562	3.300	Laugarvatn, Reykholt
Flóahreppur	760	289	
Grímsnes- og Grafningshreppur	720	899	Borg í Grímsnesi
Hrunamannahreppur	983	1.375	Flúðir
Hveragerðisbær	3.437	9	Hveragerði
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	683	2.232	Árnes
Sveitarfélagið Árborg	12.967	157	Selfoss
Sveitarfélagið Ölfus	3.049	736	Þorlákshöfn

Starfssvæði brunavarna Árnessýslu

Umdæmið nær yfir vesturhluta Suðurlandsundirlendis. Mörk þess að vestan eru úr Seljubótarnefi í Krísuvíkurbjargi milli Herdísarvíkur og Krísuvíkur, í sýslustein undir Geitahlíðum, þaðan um Brennisteinsfjöll í Litla-Kóngsfell við Bláfjöll og eftir hæstu tindum Bláfjalla í hæsta tind Vífilsfells. Þaðan liggja þau í sýslustein sunnan Lyklafells, áfram í hæsta hólinn í Borgarhólum á Mosfellsheiði. Þaðan liggja þau um Hlíðar, Botnsúlur, Kvígindisfell og Hróðurkarla í vesturöxl Þórisjökuls og um Hábungu Þórisjökuls og Langjökuls að vatnaskilum á Kili og áfram um Strýtur í Kjalhrauni um þveran Hofsjökul í Klakk í Þjórsárbotnum. Þaðan fylgja mörkin Þjórsá til ósa.

Helstu þéttbýlisstaðir í umdæminu eru Selfoss, Eyrarbakki og Stokkseyri, Hveragerði, Þorlákshöfn, Borg, Laugarvatn, Flúðir, Reykholt, Laugarás og Árnes.

Sumarbústaðir eru tæplega 6.500 talsins í sýslunni, flestir í Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og í Hrunamannahreppi. Alls eru um 42% allra sumarhúsa landsins í Árnessýslu.

Mikið er af grónum svæðum í sýslunni og hætta af gróðureldum því umtalsverð þegar ákveðnar aðstæður skapast. Trjá- og skógrægt er mikil á svæðinu. Mörg sumarhúshverfi í sýslunni eru skógi vaxin sem getur í réttu tíðarfari stuðlað að hraðri útbreiðslu elds í sumarhúshverfum með tilheyrandi hættu fyrir þá er í sumarhúsunum dvelja auk þess sem fasteignatjón gæti orðið umtalsvert. Það er því afar mikilvægt að slökkviliðið sé búið réttum tækjum og búnaði til þess að takast á við þessa vá. Auk þess þarf að huga vel að menntunarmálum slökkviliðsmanna á þessu sviði þar sem slökkvistarf við gróðurelda er mjög frábrugðið slökkvistarfi við húsabruna.

Í þéttbýliskjörnum sýslunnar er vatni vegna slökkvistarfa aflað með „hefðbundnum“ hætti í gegnum veitukerfi sveitarfélaganna. Víðast hvar eru brunahana mál í þéttbýli sýslunnar viðunandi. Í dreifbýli og á sumarhúsasvæðum getur verið erfitt að afla vatns allt eftir staðsetningu og árstíma. Brunavarnir Árnassýslu hafa yfir að ráða fjórum tankbílum til vatnsflutninga og eru þeir staðsettir á Selfossi, Þorlákshöfn, Hveragerði og Flúðum. Auk tankbíla eru dælukerrur staðsettar á öllum slökkvistöðvum liðsins til vatnsöflunnar.

Starfssvæði BÁ er yfirgrips mikið og getur verið langt að vettvangi. Einnig hefur umferð um Árnassýslu aukist til muna á síðustu árum bæði vegna íbúafjölgunar sem og fjölgun ferðamanna sem ferðast um svæðið.

Mikil uppbygging og fólksfjölgun hefur verið í Árnassýslu á undanförunum árum. Þar má nefna þéttbýlið í Þorlákshöfn sem hefur vaxið gríðarlega undanfarið. Íbúum hefur fjölgað hratt, uppbygging íbúðarhúsnæðis hefur verið hröð auk þess sem stórir vinnustaðir fólks hafa risið og eða eru í byggingu. Nokkuð langt er í aðstoð frá öðrum slökkvistöðvum Brunavarna Árnassýslu þegar upp kemur eldur í Þorlákshöfn. Hugsa þarf vel að uppbyggingu slökkviliðseiningarinnar í Þorlákshöfn á komandi árum hvað varðar mönnun, húsnæði, tæki og búnað.

Á dagvinnutíma er mannað viðbragð á slökkvistöðinni á Selfossi og flýttir það verulega fyrir viðbragði þegar útköll verða. Utan dagvinnutíma er starfsstöðin á Selfossi mönnuð hlutastarfandi mönnum eins og aðrar stöðvar liðsins.

Umferð hefur aukist mikið á Selfossi og hefur það hægt verulega á viðbragðsgetu slökkviliðsins þar sem torvelt getur reynst hlutastarfandi mönnum að komast að heiman frá sér að slökkvistöð og svo þaðan í útkall á tækjum liðsins. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum í kafla 3.1, sem unnar voru af Samsýn fyrir BÁ. Hugsa þarf að lausnum vegna þessa.

Ákveðið hefur verið að opna slökkvistöð á Borg í Grímsnesi á árinu 2026 og mun það að öllum líkindum leiða til mun bættari viðbragðstíma á því svæði. Sjá má tímaáhrif vegna


Þessa á myndum í kafla 3.1, en notast var við tímamælingar slökkviliðseiningarinnar í Hveragerði við gerð spágagna vegna þessa.




3.1 ÚTKALLSSVÆÐI

Útkallssvæði slökkviliða skiptast í fjóra flokka. Eftirfarandi kort sýna tímalínur sem skipta starfssvæði slökkviliðsins í útkallssvæði eftir viðbragðstíma þar sem minnst ein útkallseining er komin á vettvang og vinna hafin fyrir slökkvistarf innanhúss:


- Útkallssvæði 1: Innan 10 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 2: 10 til 15 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 3: 15 til 20 mínútna frá útkalli.
- Útkallssvæði 4: Meira en 20 mínútur frá útkalli. Á útkallssvæði 4 skal sýna tímalínur fyrir hverjar viðbættar 15 mínútur.




Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



3.2 VATNSÖFLUN Á STARFSSVÆÐI

Á þéttbýlisstöðum á starfssvæðinu er séð fyrir slökkvivatni með brunahönum en annars staðar í sýslunni má gera ráð fyrir að flytja verði slökkvivatn að brunavettvangi með tankbílum slökkviliðsins eða sækja vatn í ár, vötn eða vatnsból.

Staðsetning á brunahönum er skráð í SiteWatch kerfi sem slökkviliðið og aðrir viðbragsaðilar hafa aðgang að til að fylgjast með ferilvöktun ökutækja. Þar má líka finna landupplýsingar fyrir slökkviliðið. Búið er að setja alla brunahana á stærri þéttbýlisstöðum í Árnessýslu inn í SiteWatch kerfið. Þessar upplýsingar sjást í spjaldtölvum, sínum og tölvum hjá slökkviliðinu.

Brunavarnir Árnessýslu hafa yfir að ráða fjölbreyttum dælubúnaði og tankbílum til að nota við mismunandi aðstæður þar sem erfitt getur verið að sækja vatn til slökkvistarfa.

Árborg

Brunahanarnir eru með vatnsþrýsting ca. frá 1-5 bör. Í Árborg eru 229 brunahanar: 195 á Selfossi, einn við Votmúlaveg, einn við Sandvík, sextán í Tjarnarbyggð, tíu á Eyrarbakka og sautján á Stokkseyri og sjö í Byggðarhorni, Vatn er tekið úr Ingólfsfjalli og dælt í vatnstank sem er 1.000 m³ (tonn) að stærð, Megin leiðsla úr vatnstank er 450 mm, greinist í 400 mm inn í bænum. Helstu lagnir í götum eru 180 mm, Vatnsþrýstingur er 3-5 bör. Varaafli er ekki til staðar en kerfið er sjálfrennandi þó með minni þrýsting.

Bláskógabyggð

Í Bláskógabyggð eru 17 brunahanar á veitusvæði Bláskógaveitu: átta eru í Reykholti, einn í Laugarási og átta á Laugarvatni. Að Reykholti er 250 mm stofnlögn og þaðan 200 mm að Laugaási. Lögn að Laugarvatni er 200 mm. Á báðum stöðum er um að ræða sjálfrennsli. Vatnsþrýstingur er 4 -6 bör

Grímsnes- og Grafningshreppur

Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru 17 brunahanar: við þéttbýlið við Borg eru níu brunahanar og fimm í þéttbýlinu að Ásborgum og er vatn sjálfrennandi (ekki dælur), og tveir við Sólheima og einn við Vaðnesveg.

Flóahreppur

Í Flóahrepp eru sex brunahanar einn við Vatnsholt, einn við Flóaskóla, einn við Félagslund, einn við Laugardælir, einn við Hamar og einn við Kjötmjöliði.

Hrunamannahreppur

Í Hrunamannahreppi eru 18 brunahanar þar af 17 á Flúðum og einn við Langholtsfjall. Vatnstankurinn við Flúðir er 450 m³ og er í um 62 metrum fyrir ofan byggðina. Vatnið kemur úr lindum í Berghylsfjalli í um 280 metra hæð, Stofnlögnin frá lindum og í tank er 225 mm PE og á að geta flutt um 50 l/sek. Frá tanki er 225 mm PE lögn að Límtré og fæðir syðri hluta Flúða en 160 mm PE 10 lögn fæðir nyrðri hluta Flúða. Flestar götulagnir eru 110 mm en það eru þó til götur þar sem fá hús eru að stofnlögnin sé 63 mm. Vatnsþrýstingur er 5,5 - 6,2 bör. Á Langholtsfjalli er 250 m³ geymir sem sér um miðlun fyrir neðri hluta sveitarinnar ásamt þeim bæjum sem tengdir eru í Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Hveragerði

Í Hveragerði eru 73 brunahanar. Vatni er dælt á 750 m³ miðlunartank, sem staðsettur er við Hamarsendann við Hlíðarhaga. Vatnið kemur úr þremur borholum undir Kömbum norðan Hamars á svokölluðum Selhæðum og einni við Reykjafjall norðan Ölfusborga. Leiðslan frá borholum að miðlunartanki er 225 mm PE lögn. Megin götulagnir eru 180 mm PE. Þó eru víða grennri lagnir í eldri íbúðarhverfum niður í 110 mm PE. Vatnsþrýstingur er frá 3-5 bör. Varaafl (rafstöð) er til hjá Vatnsveitu Hveragerðisbæjar.

Ölfus

Í Þorlákshöfn 89 brunahanar Borholan er vestan við bæinn, úti á Hafnarsandi. Leiðslan að bænum er 225 mm og er þannig í gegnum Eyjahraun, Selvogsbraut og að Suðurvarargarði. Í götum, Berg og gamla bænum er stofninn 90 mm. Í Básahrauni er stofninn 110 mm. Í nýjasta hverfinu, Búðum, er stofninn 140 mm. Vatnsþrýstingur er frá 3-5 bör. Varaafl (rafstöð) er til hjá Vatnsveitu Ölfus sem gangsett er af starfsmönnum veitusviðs. Í Ölfus dreifbýli eru níu brunahana tengdir við tvær holur, ein við Ölfusborgir og hin er Berglind við Ingólfsfjall.

Skeið- og Gnúpverjahreppur

Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi eru sex hanar; við Árnes eru tveir, einn við Stóra Hof og tveir í Brautarholti og einn við Áshildarveg. Vatn er tekið í Vörðufelli og þaðan er 140 mm lögn sem síðan greinist í tvær 110 mm lagnir um sveitina. Að Brautarholti er 90 mm lögn frá Hlemmiskeiði.


Brunahanar eru við allar virkjanir í sýslunni. Einstaka brunahanar eru í dreifbýlinu og í sumum sumarhúsaðverfum. Varaafl fyrir minni vatnsveitur er leyst með lausum rafstöðvum sem eru í eigu sveitarfélaga. Stöðugt fjölgar brunahönu á starfssvæðinu vegna mikla uppbyggingar á svæðinu. Vinna er í gangi að skrá vatnstökustaði í Árnessýslu og er stefnt að því að koma þeim upplýsingum inn í SiteWatch kerfið og er stöðugt unnið í að viðhalda þessum upplýsingum. Á sumum svæðum sem slökkviliðið sinnir er hægt að afla

slökkvivatns úr brunahönum eða úr vatnsbólum. Aðstæður eru mjög misjafnar, allt frá því að vera borhola við hús og upp í það að vatnstaka fer fram í nokkurri fjarlægð frá brunastað. Á flestum þéttbýlisstöðunum er hægt að komast í önnur vatnsból en brunahana þannig að vatnsskortur á ekki að hamla slökkvistarfi. Þó geta óhreinindi í leysingum geti valdið vandræðum við inntök á dælum. Vatnstökustaðir og brunahanar eru merktir í gagnasafni BÁ en geta má að aðstæður eru afar breytilegar hverju sinni við ár, vötn og sjó, þar sem slökkviliðið sækir viðbótarvatn ef um er að ræða aðstæður þar sem ekki fæst vatn úr vatnsveitukerfi sveitarfélaga. Í Árnessýslu eru tvö svæði sem flokkast undir friðlýsingu, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum og Fuglafriðlandið ofan við Eyrarbakka. Á báðum þessum stöðum er nokkuð auðvelt að afla slökkvivatns flesta mánuði ársins.

Upplýsingar um staðsetningar brunahana og vatnslagnir má finna á kortavef sveitafélaga og SiteWatch.

4 SKIPULAG OG STARFSEMI

4.1 SKIPULAG OG SKIPURIT



Þjónusta Brunavarna Árnassýslu er byggð á lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerð um starfsemi slökkviliða nr. 747/2018 og er skipt upp í eftirfarandi fimm meginþjónustuflokka sem eru lögbundin hlutverk slökkviliða. Bá sinnir öllum lögbundnum þjónustuflokkum:

- Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
- Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
- Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, og efnaköfun. Við öll stærri eiturefnaslys er gert ráð fyrir að kalla til sérfræðinga frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins samkvæmt samningi.
- Þjörgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum.
- Eldvarnaeftirlit og forvarnir.

Á aðalstöð slökkviliðsins á Selfossi er varðlið sem er skipað varðstjóra og þremur slökkviliðsmönnum á dagvinnutíma (8-16) alla virka daga. Slökkviliðið er að öðru leiti mannað hlutastarfandi slökkviliðsmönnum sem hafa ekki fasta viðveru á slökkvistöð. Slökkviliðsmenn eru boðaðir í útköll með sms skilaboðum eða hringt í þá, allt eftir eðli útkallsins. Ekki er fast bakvakta skipulag fyrir almenna slökkviliðsmenn en þó eru yfir sumarið bakvaktir á öllum stöðvum BÁ yfir helgar til að tryggja lágmarks mönnun í útkall. Slökkviliðsstjóri eða staðgengill hans og vakthafandi varðstjóri eru ávallt á bakvakt. Stjórnendur slökkviliðs leita allra leiða til að tryggja nægt viðbragð á hverri starfsstöð.

4.2 STARFSEMI

Slökkvistöð	Aðalstöð	Skilgreint skipulag	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Forvarnir og eldvarnareftirlit
Selfoss	Já	Vakt á stöð á dagvinnutíma	5	61	3
Þorlákshöfn	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	17	0
Árnes	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	2	8	0
Flúðir	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	16	0
Hveragerði	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	2	19	0
Borg í Grímsnesi	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	0	5	0
Reykholt	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	9	0
Laugarvatn	Nei	Hlutastarf - Vaktaskipulag	1	14	0

Myndin hér fyrir ofan, fremst í kafla 4.2, sýnir mönnun slökkvistöðva Brunavarna Árnessýslu í upphafi árs 2026. Á þeim tíma sem taflan er gerð er ekki búið að taka slökkvistöðina á Borg til notkunar.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnar eru að:

Stjórna starfseminni og samræma og sjá til þess að slökkvilið vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett. Sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma.

- Stuðla að góðri þjónustu fyrir almenning og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðila sem tengjast starfseminni.
- Vinna að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur einstakling til þess

- að ná settum markmiðum.
- Samkomulag og samningar við önnur brunavarnarsvæði, stofnanir og einkaaðila.

Skipurit fyrir slökkviliðið má finna í kafla 4. Markmið með þessari skipan er að boðleiðir milli yfir- og undirmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.

Slökkviliðið sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns á eldstað með tankbifreiðum.

- Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhúss, vinna að reykköfun og reyklosun. Stefnt er að því að ávalt sé nægur fjöldi reykkafara á hverri stöð slökkviliðsins til þess að sinna lífbjörgun þegar bruni verður.
- Slökkviliðið sinnir björgun á fastklemmdu fólki.
- Slökkviliðið sinnir viðbrögðum við mengunaróhöppum, en samningur er við slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um aðstoð vegna meiriháttar mengunaróhappa.
- Öryggisvöktum er sinnt eftir beiðnum húseiganda og/eða kröfu slökkviliðsstjóra og innheimt er gjald fyrir í samræmi við gjaldskrá slökkviliðsins.
- Þegar unnið er á almannavarnastigi er unnið eftir skipulagi almannavarna. Slökkviliðin sjá um slökkvistarf, losun fastklemmdra og stöðvun á útbreiðslu mengandi efna.

Gott samstarf er milli viðbragsaðila og má þar nefna lögreglu, björgunarsveita, sjúkraflutninga og annarra slökkviliða. Heildar fjöldi björgunarsveitarmanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er um 100 manns í Árnassýslu. Björgunarsveitir í Árnassýslu eru á Selfossi, Hveragerði, Eyrarbakka, Þorlákshöfn, Borg, Árnesi, Flúðum, Laugarvatni og Reykholti.

Helstu verkefni slökkviliðsins eru:

- Slökkvi- og björgunarstörf í mannvirkjum, farartækjum og gróðri.
- Viðbrögð við mengunar- og umhverfis slysum.
- Björgun fastklemmdra vegna umferðaróhappa og annarskonar slysa.
- Slökkvistarf í skipum föstum við hafnarmannvirki.
- Þjálfun og æfingar starfsmanna.
- Eftirliti tækja og búnaðar.
- Umhirða húsnæðis, bifreiða og búnaðar.
- Önnur aðkallandi og ófyrirséð verkefni.

Í útköllum er unnið eftir fyrir fram skilgreindu aðgerðarskipulagi þar sem hver slökkviliðsmaður vinnur í samræmi við þjálfun sína.

Boðun í F1 útköll er skipulögð þannig að neyðarlínan boðar þá starfsstöð sem næst er vettvangi í verkefni þannig að tryggt sé að nægilegur mannskapur fái til þess að hefja úrlausn verkefnisins.

Miðlægur bakvaktarvarðstjóri og bakvakt slökkviliðsstjóra eru meðvitaðir um mannskapsstöðu á hverjum stað og sjá um leið og slökkviliðsmenn svara útkallsboðum hversu margir eru að koma á hverja stöð og boða viðbótar mannskap frá öðrum starfsstöðvum út í samræmi við það.

Helgarvaktir eru hjá slökkviliðinu á sumrin þar sem slökkviliðsmenn eru á bakvakt á öllum starfsstöðvum Brunavarna Árnassýslu.

Fjöldi slökkviliðsmanna á hverri starfsstöð Brunavarnir Árnassýslu má sjá á mynd tafla 4.2.

Þéttbýlið á Selfossi, í Hveragerði, Þorlákshöfn, Flúðum og Laugarvatni er á útkallssvæði 2 (útkallssvæði eru skilgreind samkvæmt reglugerð nr. 747/2018), þ.e. svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang og vinna hafin innan 15 mín frá útkalli.

Allir staðir utan þéttbýlisins eru á útkallssvæði 4 þ.e. svæði þar sem minnst ein útkallseining fyrir slökkvistarf innanhúss er komin á vettvang eftir meira en 20 mín frá útkalli. Tímalínur fyrir starfssvæði slökkviliðsins eru sýndar á myndum í kafla 3.1 sem akstursfjarlægðir eftir vegum við bestu aðstæður.

Mannvirki sem eru á útkallssvæði 3 og 4 kunna að þurfa auknar brunavarnir, einkabrunavarnir og eldvarnaeftirlit vegna útkallstímans, tekið er tillit til þessa í eftirlitsáætlun eldvarnaeftirlitsins.

4.3 MENNTUN OG ÞJÁLFUN

Menntun og þjálfun slökkviliðsmanna skal vera í samræmi við kröfur um þjónustustig liðsins. Nægjanleg þekking og reynsla þarf að vera innan slökkviliðsins svo það sé í stakk búið að ráða við áhættunna í sveitarfélaginu og að henni sé viðhaldið. Í töflu hér að neðan kemur fram menntunarstig starfsmanna slökkviliðs, skipt niður á þau námskeið sem nauðsynleg eru fyrir menntun í samræmi við lögbundnar kröfur.

Námskeið	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Samtals
Atvinnuslökkviliðsmaður	6	13	19
Eldvarnaeftirlitsmaður I	6	7	13
Eldvarnaeftirlitsmaður II	4	2	6
Eldvarnaeftirlitsmaður III	4	1	5

Námskeið	Stjórnendur	Slökkviliðsmenn	Samtals
Námskeið 1	13	108	121
Námskeið 2	13	107	120
Námskeið 3	11	80	91
Námskeið 4	9	88	97
Stjórnandi	10	13	23

Þjálfunaráætlun slökkviliðsins er með eftirfarandi hætti:

Æfingaáætlun sem kynnt er slökkviliðsmönnum mánaðarlega og er send slökkviliðsmönnum í tölvupósti og á samskiptasíðu B.A. Æfingar B.A. eru á milli 80-100 æfingar á ári og stendur öllum slökkviliðsmönnum B.A. til boða að sækja þær. Æft er sem víðast á svæðinu og á sem flestum stöðvum á starfssvæðinu hjá fyrirtækjum og stofnunum.

Samningar eru við virkjanir á svæðinu um æfingar. Æfingaáætlun B.A. er sett upp þannig að allir slökkviliðsmenn geti uppfyllt skilyrði reglugerða um þjálfun slökkviliðsmanna. Lögð er áhersla á að fjölbreyttar æfingar og að æfingar nái yfir alla helstu þætti sem slökkviliðsmenn þurfa að æfa.

Æfingar miðast við að slökkvilið geti uppfyllt þær kröfur sem fylgja þjónustustigi slökkviliðsins. Þjálfun á nýjum slökkviliðsmönnum er samkvæmt áætlun um nýliðaþjálfun B.A. og stendur yfir frá hausti fram á vor, en nýliðar sækja auk þessa almennar æfingar samhliða þjálfun og fræðslu sem þeir fá sérstaklega.

Menntun slökkviliðsmanna er í samræmi við þarfir slökkviliðsins til þess að halda því hlutfalli menntunar sem að framan greinir. Endurmenntun er sótt á þau endurmenntunarnámskeið sem í boði eru af hálfu Brunamálaskóla HMS. Auk þjálfunar á vegum Brunavarna Árnassýslu sækja slökkviliðsmenn námskeið sem í boði er á vegum Brunamálaskólans svo og endurmenntunarnámskeið.

4.4 VERKEFNI OG SAMSTARF

Lögbundnum verkefnum slökkviliða er skipt upp í fimm eftirfarandi þjónustuflokka:

1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss,
2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun,
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun,
4. Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum,
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum.

Heimilt er að fela slökkviliði önnur verkefni en þau sem lögbundin eru, en þau mega þó ekki draga úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Verkefnin skulu koma fram í brunavarnaáætlun, þar skal einnig koma fram til hvaða ráðstafana hefur verið gripið af hálfu slökkviliðsins til að tryggja að þau dragi ekki úr getu slökkviliðs til að sinna lögbundnum verkefnum.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á starfsemi slökkviliðs, þ.m.t. framkvæmd eldvarnaeftirlits. Sveitarstjórn ákveður í brunavarnaáætlun umfang þjónustu slökkviliðs. Sveitarfélög geta uppfyllt skyldur sínar um rekstur slökkviliða með samstarfi sín á milli um reksturinn. Tvö sveitarfélög eða fleiri geta samið um sameiginlegt slökkvilið í formi byggðasamlags. Sveitarfélagi er einnig heimilt að semja við annað sveitarfélag um að hafa með höndum tiltekin verkefni og stjórn slökkviliðs í heild eða að hluta. Gera skal skriflegan samning sem tilkynna skal til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Samningsbundnir samstarfsaðilar:

- Slökkvilið höfuðborgarsvæðis um gagnkvæma aðstoð og aðstoð við mengunarslys.
- Slökkvilið Grindavíkur um gagnkvæma aðstoð.
- Brunavarnir Rangárvallasýslu um gagnkvæma aðstoð.
- Samstarfssamningur milli slökkviliða á Suðurlandi.
- Brunavarnir Austur- Húnavetninga.
- Landsnet um brunavarnamál.
- Landsvirkjun um brunavarnamál.
- Orka náttúru um brunavarnamál.

Mikið er lagt upp úr góðu samstarfi við aðra viðbragsaðila og samstarfsaðila með þjálfun, fræðslu og fundum.

Helstu samstarfsaðilar eru eftirfarandi:

- Almannavarnanefnd Árnassýslu vegna hlutverks slökkviliðsins í almannavarnakerfinu. Björgunarsveitir á svæðinu vegna almannavarna og annarra björgunarverkefna. Brunamálaskólinn vegna náms slökkviliðsmanna.
- Byggingarfulltrúar á svæðinu vegna eldvarnaeftirlits, umsagna um teikningar af nýbyggingum og fleira.
- Heilbrigðiseftirlit vegna mengunaróhappa og slysa.
- Sýslumannsembættið á Suðurlandi.
- Lögregla á svæðinu og utan svæðis, vegna ýmissa sameiginlegra starfa. Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra.

- Sjúkraflutningar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.
- Rauða krossinn.
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna brunamála og eldvarnaeftirlits.
- Neyðarlínan vegna neyðarsvörunar og boðunar.
- Tækni- og umhverfissvið sveitarfélaga vegna forvarna og fleira.
- Vatnsveitur sveitarfélaga vegna brunahana og slökkvivatns.
- Hafnaryfirvöld í Þorlákshöfn.

Verkefni	Fjöldi samninga	Uppfyllt af slökkviliði
Eldvarnareftirlit og forvarnir	0	Já
Björgun á fastklemmdu fólki úr mannvirkjum og farartækjum	0	Já
Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	1	Að hluta til
Slökkvistarf innanhúss og reykköfun	0	Já
Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss	0	Já

Samningar/Verkefni	Samningur	Hlutverk	Gildir frá	Gildir til
Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun	Samningur Brunavarna Árnassýslu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins um aðstoð vegna mengunaráhappa, maí 2021	Þjónustuþiggjandi	01.05.2021	
Gagnkvæm aðstoð	Samningur Brunavarna Árnassýslu og slökkviliðs Grindavíkur um gagnkvæma aðstoð, júní 2021	Gagnkvæmt	16.06.2022	
Gagnkvæm aðstoð	Samningur Brunavarna Árnassýslu og Brunavarna Rangárvallasýslu um gagnkvæma aðstoð, október 2021	Gagnkvæmt	01.10.2021	
Gagnkvæm aðstoð	Samningur Brunavarna Árnassýslu og Brunavarna Rangárvallasýslu um gagnkvæma aðstoð, október 2021	Gagnkvæmt	01.10.2021	
Gagnkvæm aðstoð	Samningur Brunavarna Árnassýslu og Brunavarna Austur-Húnavatninga um gagnkvæma aðstoð, október 2021	Gagnkvæmt	01.10.2021	

Samningar/Verkefni	Samningur	Hlutverk	Gildir frá	Gildir til
Gagnkvæm aðstoð	Samningur Brunavarna Árnassýslu og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. um gagnkvæma aðstoð.	Gagnkvæmt	01.05.2021	
Annað	Samþykktir Brunavarna Árnassýslu bs.	Þjónustuveitandi	15.10.2024	
Annað	Samstarfs samningur BÁ og ON (Orka nátturunnar) Nesjavellir og Hellisheiði	Þjónustuveitandi	01.01.2023	01.01.2028
Annað	Samstarfssamningur BÁ, Landsvirkjunar og Landsnet	Þjónustuveitandi	03.07.2021	31.12.2025
Lögbundin verkefni	Samkomulag um viðbrag vegna Suðurstrandavegs, BÁ / slökkvilið Grindavíkur	Gagnkvæmt	24.06.2021	24.11.2025

Hjá Brunavörunum Árnassýslu er mikið lagt upp úr góðu samstarfi við aðra viðbragsaðila, stofnanir og hagsmunaaðila. Slökkviliðið getur óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum og til eru skriflegir samstarfssamningar þar um. Einnig geta önnur slökkvilið sem gert hafa samstarfssamning við BÁ óskað eftir aðstoð ef á þarf að halda.

4.5 ELDVARNAREFTIRLIT

Eldvarnaeftirlit og forvarnir er eitt af lögbundnum verkefnum slökkviliða. Eldvarnaeftirlit skal haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Slökkviliðsstjóri gefur út eftirlitsáætlun ársins fyrir 1. febrúar hvert ár. Þar skal gert grein fyrir hvaða mannvirki, lóðir og starfsemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnaeftirliti það árið. Áætlunin skal birt á vefsíðu slökkviliðsins eða viðkomandi sveitarfélags og skilað til HMS í gegnum Brunagátt. Samantekt um framkvæmd eldvarnaeftirlits að ári liðnu skal einnig skilað til HMS í gegnum sömu gátt.

Dagleg umsjón forvarna heyrir undir deildarstjóra forvarnasviðs. Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er á höndum slökkviliðsstjóra. Deildarstjóri forvarnasviðs og þrjú eldvarnaeftirlitsmenn sinna verkefnum forvarnasviðs BÁ.

Brunavarnir Árnassýslu gæta þess að nægjanlegur hluti af heildarframlagi til slökkviliðsins sé nýttur til forvarna og eftirlitsstarfa.

Brunavarnir Árnassýslu halda úti öflugum eldvarnaeftirliti þar sem leitast er við að uppfylla þær lagalegu skyldur sem lagðar eru á herðar slökkviliða hvað skoðunar og forvarnastarf varðar.

Mat á áhættum á starfssvæðinu að teknu tilliti til stærðar þess og mikilla vegalengda, fjölda skoðunarskyldra bygginga s.s. virkjana, gistinga, samfélagslega mikilvægra stofnana og öflugra iðnfyrirtækja sýnir að lágmarksfjöldi stöðugilda í eldvarnaeftirliti eru fjórar. Á starfssvæðinu er mjög mikil almenn uppbygging bæði í þéttbýli og dreifbýli sem kallar á mikla vinnu eldvarnaeftirlitsmanna við yfirferð allra teikninga af nýbyggingum á svæðinu með tilheyrandi öryggis og lokaúttektum og lögbundnum úttektum vegna leyfisveitinga á ýmiskonar starfsemi.

Starfsemin er tvennskonar:

- Eldvarnaeftirlit og skoðanir.
- Upplýsingar og fræðsla

Helstu verkefni eldvarnaeftirlits eru:

- Ráðgjöf til hönnuða og húseigenda.
- Skoðun teikninga og umsagnir vegan þeirra að beiðni byggingafulltrúa í tengslum við útgáfu byggingaleyfa.
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017.
- Umsögn vegna veitinga- og gististaða.
- Umsagnir vegna annarra leyfa fyrir sýslumann, lögreglustjóra, félagsmálayfirvöld ofl.
- Sérstakt eftirlit með mannmörgum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- Fræðsla í skólum og heilbrigðisstofnunum um eldvarnir.
- Fulltrúi slökkviliðsins situr fundi skipulags- og bygginganefnda.
- Öryggis- og lokaúttektir á öllu húsnæði í öllum notkunarflokkum.
- Umsagnir aðal- og deiliskipulaga fyrir skipulagsfulltrúana.
- Kennsla nýrra eldvarnaeftirlitsmanna, eldvarnaeftirlitsmaður 1, 2 og 3.

Slökkviliðsstjóri, varaslökkviliðsstjóri og deildarstjóri forvarnasviðs hafa lokið námskeiðum I, II og III fyrir eldvarnaeftirlitsmenn.

Aðrir starfsmenn í eftirliti hafa lokið námskeiði I og, II að lágmarki. Allir núverandi eldvarnaeftirlits menn BÁ hafa lokið námskeiði III.

Eldvarnaeftirlit er haft með mannvirkjum, lóðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lífi, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, lóðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnaeftirlits slökkviliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda.

Einu sinni á ári:

Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða.

Þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar.

Allar byggingar í notkunarflokki 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Fjórða hvert ár:

Mikilvægar menningarsögulegar byggingar og mannvirki.

Annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnaeftirliti.

Slökkviliðsstjóri tekur árlega saman skýrslu um framkvæmd eldvarnaeftirlits á liðnu ári og hvaða árangur hefur náðst og sendir Húsnæðis- og mannvirkjastofnun afrit af skýrslunni.


Áætlaður skoðanafjöldi eldvarnaeftirlits BÁ samkvæmt skoðunaráætlun, á næstu árum eru tæplega 1.000 á ári. Inni í þessari tölu eru lögbundnar eldvarnaeftirlitsskoðanir fasteigna, endurkomur, skoðanir vegna umsagna og öryggis og lokaúttekta. Við þetta bætast yfirferðir teikninga og ýmis önnur störf og tilfelli er geta komið upp.

Starfsvæði Brunavarna Áressýslu er víðfemt og akstur því mikill í tengslum við eldvarnaeftirlitsskoðaðnir. Af þessu hlýst umtalsverður kostnaður.


4.6 ÚTKÖLL – GREINING

Útköll slökkviliða eru flokkuð eftir tilefni og forgangi. Hér fyrir neðan er niðurbrot á verkefnum síðustu 12 mánuði.


Útköll eftir forgangsflokkum



Hlutfall útkalla



Fjöldi útkalla eftir póstnúmerum



5 HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

Húsnæði slökkviliða skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS. Slökkvilið skal hafa til umráða fullnægjandi búnað til að geta sinnt verkefnum sínum. Lágmarksbúnaður skal ákveðinn í brunavarnaáætlun. Allur búnaður skal geymdur, þrífinn og honum viðhaldið í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Í eftirfarandi töflum sést samantekt á slökkvistöð/slökkvistöðvum ásamt tækjum og búnaði slökkviliðsins.

Slökkvistöð	Kallnúmer	Heimilisfang	Póstnúmer	Aðalstöð
Selfoss	100	Árvegur 1	800	Já
Borg í Grímsnesi	200	Þinggerði 1, 805, Ísland	805	Nei
Laugarvatn	300	Krikinn 2, 840 Laugarvatn, Iceland	840	Nei
Reykholt	400	Bjarkarbraut 2	805	Nei
Árnes	500	Tvísteinabraut 2	804	Nei
Þorlákshöfn	600	Selvogsbraut 2	815	Nei
Hveragerði	700	Austurmörk 20	810	Nei
Flúðir	800	Flúðir	845	Nei

Tæki/búnaður	Selfoss	Borg í Grímsnesi	Laugarvatn	Reykholt
Froðutankur stærð	300	0	100	200
Dælugeta	13.673	0	10.900	7.170
Vatnstankur stærð	18.000	0	10.000	6.000
Fjarskipti Tetra	35	0	6	3
Handslökkvitæki	9	0	5	3
Hitamyndavél	5	0	1	1
Auka lofthylki	72	0	7	3
Rekstútar	3	0	1	2
Reykblásarar	7	0	1	1
Reykköfunartæki með fjarskiptum	55	0	6	5
Stjórnborð reykköfunar	3	0	1	1
Slökkviliðsmenn	61	5	14	9
Yfirmenn	5	0	1	1
Reykkafarar	26	0	7	4
Mótvægi stöðvar	3	0	2	1

Tæki/búnaður	Árnes	Þorlákshöfn	Hveragerði	Flúðir
Froðutankur stærð	200	200	100	200
Dælugeta	7.530	10.200	8.950	8.190
Vatnstankur stærð	6.000	12.800	12.000	19.000
Fjarskipti Tetra	4	5	4	5
Handslökkvitæki	5	3	6	4
Hitamyndavél	1	1	1	1
Auka lofthylki	5	4	4	4
Rekstútar	0	1	1	1
Reykblásarar	1	1	2	2
Reykköfunartæki með fjarskiptum	6	8	8	10
Stjórnborð reykköfunar	1	1	1	1
Slökkviliðsmenn	8	16	19	15
Yfirmenn	2	1	2	1
Reykkafarar	5	4	7	2
Mótvægi stöðvar	1	2	2	2

Brunavarnir Árnessýslu reka sjö slökkvistöðvar og munu opna þá áttundu á árinu 2026. Á Selfossi er miðlæg stöð og síðan eru sjö útstöðvar í sýslunni.

Selfoss – 100 stöð

Aðalslökkvistöðin er í Björgunarmiðstöðinni við Árveg 1 á Selfossi. Húsið er tvískipt límréskemma á einni hæð klædd stálsamlokueiningum en milli þeirra er steinsteypt miðbygging, kjallari og tvær hæðir. Húsið er byggt 2008 og er heildarstærð þess um 2.675,1 m². B.A. á húsnæðið sem hýsir slökkvistöðina og aðstöðu vegna sjúkraflutninga, alls um 1.970 m² að gólfleti. Björgunarfélag Árborgar er eigandi að vesturhluta hússins, um 690 m². Í húsinu er allur bílafloki stöðvarinnar og allur lausabúnaður liðsins í Árnessýslu sem ekki rúmast í slökkvibifreiðum liðsins á öðrum slökkvistöðvum.

Í húsinu er þvottaaðstaða þar er m.a. er þvottavél og þurrskápur og aðstöðunni skipt í „hreint“ og „óhreint“ svæði. Í slökkvistöðinni er afeitrunarstöð (Sauna). Aðskilin aðstaða er fyrir karla og konur.

Aðalskrifstofur B.A. eru í húsnæðinu, vaktrými sjúkraflutningamanna og slökkvitækjapjónusta. Skrifstofa slökkviliðsstjóra er á annarri hæð, auk skrifstofu fyrir eldvarnaeftirlit, kaffistofa og starfsmannarými. Á neðri hæð er fundasalur og æfingaaðstaða. Skrifstofa Almanna-Árnessýslu er hjá B.A. og einnig aðgerðastjórnstöð Almanna-Árnessýslu. Svæðisstjórn björgunarsveita hefur aðstöðu í húsnæðinu og einnig Neyðarlínan fyrir stjórnþúnað sinn varðandi fjarskiptakerfið Tetra.

Í öllu húsnæðinu er sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi og vatnsúðakerfi.

Borg í Grímsnesi - 200 stöð

Áætlanir gera ráð fyrir að ný slökkvistöð rísi á Borg í Grímsnesi árið 2026 við Þinggerði 1.

Rými slökkviliðs verður 300. m². Á nýrri stöð er pláss fyrir allan helsta tækjabúnað sem og aðstaða starfsmanna með fundarsal, kaffistofu, búningaðstöðu, sturtum og afeitrunarklefa.

Laugarvatn - 300 stöð

Bygging á nýrri slökkviliðsstöð hófst vorið 2024. Sú bygging er 360. m² og kemur í stað eldri slökkvistöðvar. Á nýrri stöð er pláss fyrir allan helsta tækjabúnað sem og aðstaða starfsmanna með fundarsal, kaffistofu, búningaðstöðu, sturtum og afeitrunarklefa.

Reykholt – 400 stöð

Slökkvistöðin í Reykholti er við Bjarkarbraut 2 og er leigð af Bláskógabyggð. Húsið er byggt 1994 og er stærð þess um 137.2 m². Fyrir utan rými fyrir slökkvibifreið er búningaaðstaða, kaffi- og fundaraðstaða fyrir starfsmenn slökkviliðsins á millilofti í húsnæðinu auk snyrtingar. Ekki er aðstaða til fataskipta eða sturtu aðstaða né aðstaða til afeitrunar starfsmanna eftir reykköfun. Komin er talsverð þörf á breytingar á húsnæðinu með tilliti til aðstöðu starfsmanna.

Árnes – 500 stöð

Slökkvistöðin í Árnesi er í tæplega 2000 fm² iðnaðarhúsi við Tvísteinabraut 2 og er hluti BÁ í því 216 m² auk 48 m² millilofts. Húsið er stálgrindarhús á steiptum sökklum, klætt með samlokueiningum. Fyrir utan rými fyrir slökkvibifreið, mannskapsbifreið og kerru fyrir lausa dælu er búningaaðstaða, kaffi- og fundaraðstaða fyrir starfsmenn slökkviliðsins í húsnæðinu auk snyrtingar og sturta. Í húsinu er gufubað/afeitrunarstöð fyrir starfsmenn. Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi er í húsnæðinu.

Þorlákshöfn – 600 stöð

Slökkvistöðin í Þorlákshöfn er steinsteypt hús staðsett við Selvogsbraut 2 og er leigt af Sveitarfélaginu Ölfus. Húsið er byggt 1989 og er stærð þess um 177 m². Húsið rúmar þrjár bifreiðar auk búnaðar en auk þess er í húsnæðinu kaffi- og fundaraðstaða, búningaskápar og geymslur fyrir smábúnað auk salernis. Ekki er aðstaða til fataskipta hjá starfsmönnum á starfsstöðinni né til sturtu eða afeitrunar eftir reykköfun eða aðra vinnu.

Hveragerði – 700 stöð

Slökkvistöðin í Hveragerði er Steinsteypt hús staðsett við Austurmörk 20 og er leigt af Hveragerðisbæ. Húsið er byggt 1984 og er stærð þess um 249 m². Húsið rúmar þrjár bifreiðar auk búnaðar en auk þess er í húsnæðinu, kaffi- og fundaraðstaða, búningaskápar og geymslur fyrir smábúnað auk salernis og sturtu. Í húsinu er gufubað/afeitrunarstöð fyrir starfsmenn.

Sjálfvirkt brunaviðvörðunarkerfi og vatnsúðakerfi er í húsnæðinu.

Flúðir – 800 stöð

Á árinu 2026 munu Brunavarnir Árnessýslu flytja í nýja og glæsilega björgunarmiðstöð við lðjuslóð 7 á Flúðum. Grunnflötur byggingarinnar sem tilheyrir BÁ mun vera 634 m².

Björgunarmiðstöðin á Flúðum er byggð í samstarfi við Björgunarfélagið Eyvind á flúðum.

Búnaður

Lágmarksbúnaður slökkviliðsins miðast við leiðbeiningar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um lágmarksbúnað, afskriftir og úreldingu búnaðar.

Búnaðarlisti þar sem gerð er grein fyrir búnaði og ástandi hans er sendur Húsnæðis- og mannvirkjastofnun árlega í gengum Brunagátt þar sem allur búnaður BÁ er skráður inn í miðlægt kerfi.

